

**Stofnanasamningur**  
**Ríkislögreglustjórans og SFR**  
**um reglur um röðun starfa.**  
(Skv. ákvæðum 11. kafla í kjarasamningi  
SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, 9. mars 2005)

**1. Gildissvið:**

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í SFR sem eru í starfi hjá ríkislögreglustjóranum.

**2. Starfaflokkar:**

Launakerfi byggir á eftirfarandi starfaflokkum hjá félagsmönnum SFR.

Starfaflokkur 1.

Skrifstofumaður.

Starfið er almennt skrifstofustarf unnið undir stjórn eða eftirliti annarra. Hér undir fellur almenn afgreiðsla, skráning ýmis konar upplýsinga sem unnin er undir stjórn annarra, og upplýsingagjöf til viðskiptavina.

Enginn skal vera lengur en 6 mánuði í þessum starfaflokk.

Starfaflokkur 2.

Fulltrúi 1.

Starfið er sérhæft skrifstofustarf sem krefst sjálfstæðis í vinnubrögðum. Hér undir skrifstofustörf, sem krefjast meiri þekkingar og hæfni en störf starfaflokki 1 og fela í sér verkstjórn að einhverju marki. falla samkvæmt

Starfaflokkur 3.

Fulltrúi 2.

Starfið felur í sér ábyrgð eða umsjón með verkefnum sem krefjast töluverðrar þekkingar á ákveðnu sviði innan stofnunar. Starfsmaður skal hafa staðgóða þekkingu á verkefninu, vinna sjálfstætt og/eða hafa verkstjórn yfir öðrum starfsmönnum, og bera ábyrgð á afmörkuðum verkþáttum.

Starfaflokkur 4.

Starfsmaður í tölvudeild:

Starfið felst fyrst og fremst í daglegri umsjón með netþjónum stofnunarinnar, uppsetningu útstöðva og nauðsynlegri þjónustu við notendur þeirra hjá stofnuninni. Einnig er um að ræða daglega umsjón með nauðsynlegri afritatöku gagna á

tölvutæku formi af netþjónum stofnunarinnar og umsjón með hugbúnaði og hugbúnaðarleyfum, skráningu og vörslu þeirra.

#### Starf flokkur 5.

Verkefnafulltrúi almannavarnadeild.

Starfið felst fyrst og fremst í að skipuleggja, stjórna, samhæfa og hafa umsjón verkefna og/eða málaflokka. Með umsjón er m.a. átt við skipulagningu, samhæfingu eða viðvarandi verkefnastjórnun. Verkefnafulltrúar eru skilgreindir fyrir áhættugreiningar, forvarnir, samhæfingu, aðgerðir og alþjóðatengsl.

#### Starf flokkur 6.

Fulltrúi 3.

Starfið er sérhæft skrifstofustarf sem krefst sjálfstæðis í vinnubrögðum og góðrar tungumálakunnáttu. Einnig falla hér undir skrifstofustörf sem krefjast meiri þekkingar og hæfni en störf samkvæmt starf flokkum 1 – 3 og fela í sér verkstjórn að einhverju marki.

#### Starf flokkur 7.

Deildarstjóri almannavarnadeildar.

Starfið felst í stjórnun, áætlanagerð og samhæfingu almannavarnadeildar stofnunarinnar. Deildarstjóri aðstoðar sviðsstjóra við að samræma störf almannavarnadeildarinnar. Í fjarveru sviðsstjóra skal deildarstjóri vera tengiliður við yfirmenn stofnunarinnar.

#### Starf flokkur 8.

Forstöðumaður skrifstofu- og fjármálasviðs.

Starfið felst í stjórnun á skrifstofu, áætlanagerð og samhæfingu við stefnu stofnunar og kostnaðareftirlit. Í starfinu felst ábyrgð á bókhaldi, fjármálum, samskiptum við ráðuneyti, stofnanir og fyrirtæki.

### 2.1. Röðun í launaflokka.

Við upphaf starfs skal taka tillit til eðlis starfsins og starfsmanni raðað í launaflokka í samræmi við það. Eftirfarandi launaflokkar skulu vera grunnröðun fyrir hvern starf flokk:

Starf flokkur 1	Skrifstofumaður	007
Starf flokkur 2	Fulltrúi 1	015
Starf flokkur 3	Fulltrúi 2	016
Starf flokkur 4	Starfsmaður tölvudeild	016
Starf flokkur 5	Verkefnafulltrúi	018

Starf flokkur 6	Fulltrúi 3	022
Starf flokkur 7	Deildarstjóri	024
Starf flokkur 8	Forstöðumaður	027

### 3. Viðbótar forsendur við mat í launaflokka.

#### 3.1. Starfsreynsla.

Starfsmaður sem hefur öðlast starfsreynslu hjá stofnuninni skal hækka um launaflokka sem hér segir. Jafnframt skal meta starfsreynslu hjá öðrum ef

hún nýtist í starfi og er því talin starfsreynslu hjá stofnuninni að 2/3 hluta eða öllu leyti:

Starfsmaður með 1 árs starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk.

Starfsmaður með 3 ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokka til viðbótar.

Starfsmaður með 6 ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokka til viðbótar.

Starfsmaður sem hefur háskólamenntun eða er í stjórnunarstöðu skal fá starfsreynslu metna hjá stofnuninni með eftirfarandi hætti:

Starfsmaður með 5 ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk.

Starfsmaður með 10 ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk

Starfsmaður með 13 ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk.

#### 3.2. Menntun.

Starfsmaður sem hefur menntun sem nýtist í starfi og hefur ekki verið tekið tillit til í grunnröðun starfsins, skal hækka um launaflokka sem hér segir:

Starfsmaður sem hefur lokið eins til tveggja vetra námi skal hækka um 1 launaflokk.

Starfsmaður sem hefur lokið þriggja vetra námi skal hækka um 1 launaflokk.

Starfsmaður sem hefur meiri og sérhæfari menntun (háskólamenntun) skal hækka um 3 launaflokka.

#### 3.3. Starfsnám/símenntun.

Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun, sem viðurkennd er af samningsaðilum, eða starfsmenntun/námskeiðum sem nýtast í starfi, skal hækka um launaflokk sem hér segir þegar eftirfarandi tímalengd er náð:

Starfsmaður skal, þegar 60 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk.

Starfsmaður skal, þegar 120 kennslustundum er náð, hækka um 2 launaflokka.

Starfsmaður skal, þegar 200 kennslustundum er náð, hækka um 3 launaflokka.

Starfsmaður sem hefur háskólamenntu eða er í stjórnunarstöðu skal, þegar 120 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk.

Starfsmaður sem hefur háskólamenntun eða er í stjórnunarstöðu skal, þegar 200 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk.

Starfsmenntun/námskeið, sem starfsmaður hefur aflað sér sl. 3 ár, skal metin á sama hátt.

### 3.4. Annað.

a) Heimilt er að hækka starfsmann um launaflokka ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:

Starfið felur í sér sérstaka ábyrgð.

Starfið felur í sér flókin verkefni.

Starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna.

Starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan.

Starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið.

Starfsmaður sinni starfi á fleiri en einni starfsstöð.

Starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi.

Starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu.

Starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi.

Leggja skal fram í samstarfsnefnd skrifleg rök þar sem kemur fram hvaða forsendur er verið að taka tillit til.

### 4. Gildistími og endurskoðun.

Samningur þessi tekur gildi frá 1. maí 2006. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það.

Reykjavík 14.9.2006

F.h. SFR-stéttarfélag í almannajónustu.

F. h. Ríkislögreglustjórans

## Bókun

Samkvæmt kjarasamning SFR og fjármálaráðherra á að endurnýja stofnanasamninga 1. maí 2007. Aðilar að stofnanasamningi þessum eru sammála um að ef annar hvor aðilinn hefur ekki látið vita fyrir 1. apríl 2007 að hann vilji taka upp samninginn, þá hækki grunnröðun allra starfsmanna um einn launaflokk og með því hafi samningsaðilar uppfyllt gr. 1.1.8 í kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra frá 9. mars 2005.

Reykjavík 14.9.2006